355. Nefndarálit

um frv. til laga um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og greinargerð þess allítarlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að samþykkja beri frv. óbreytt að efni til. Þó skal þess getið, að framsögumaður nefndarinnar hefir áskilið sér rétt til að koma fram með breytingartillögur, og mun nefndin síðar taka afstöðu til þeirra.

Það er nú að visu svo, að hvikað er frá þeim upphaflega grundvelli, sem fyrirhleðslulögin nr. 69 1917 leggja, með frumvarpi þessu, og 1. tillaga greinargerðarinnar lýsir, en nefndin lítur svo á, að framkvæmd hennar sé, eins og sakir standa, ókleif kostnaðar vegna, enda tekur það verk langan tíma, en samgöngubætur hinsvegar brýnar. Einkanlega telur nefndin mjög brýna nauðsyn á að setja brú á Þverá, einkum fyrir Landeyjar, og jafnvel allar sveitir austan ár, þar með talin Vestur-Skaftafellssýsla. Þá er nefndin sammála greinargerð frv. um það, að ekki sé vert að hverfa frá því að vinna að því í framtíðinni að stokkleggja vötnin, ef tilraunir og rannsóknir staðfesta, að það sé kleift, svo að svara þyki kostnaði. Nefndin telur heppilegra, ef það reynist kleift kostnaðar vegna, að brúin á Markarfljóti yrði sett neðar, hjá Kattarnefi fyrir ofan Hamragarða, og leggur til, að það verði rannsakað ítarlegar, hvort það brúarstæði muni ekki hagfelldara. Eins og áður er vikið að, telur nefndin ákvæðin um brúa- og vegagerðir höfuðatriði frv. og viðurkennir, að brýn nauðsyn sé til að bæta úr samgönguvandræðum fyrrnefndra sveita sem fyrst. Annars mun málið ítarlegar skýrt í framsögu. Breytingar þær, sem nefndin gerir á frv., miða eingöngu að því að breyta málinu til hins betra. Af framanskráðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrir „Litlu Dimon“ í 3. og 4. lið komi: Litla Dimon.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrir „óriðnir eru við fyrirtækið“ komi: ekki eru við fyrirtækið riðnir.
   b. Fyrir „1927“ í niðurlagi greinarinnar komi: 1923.
3. Við 5. gr. Fyrir „og 3. gr. setur“ í síðara málslið fyrri málsgreinar komi: og í 3. gr. segir.
4. Við 9. gr. Fyrir „Hefir samþykktin“ komi: Samþykktin.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Gunnar Sigurðsson, form. og frsm. Benedikt Sveinsson, fundaskr., með fyrirvara. Jón A. Jónsson.
Magnús Torfason. Hákon J. Kristófersson.